

Lunga
School



Listamannarekinn lýðskóli eða ástand

Skóli getur verið ýmislegt, en þessi skóli sem við erum að búa til er skóli sem er vísitandi utan allra framleiðslukerfa og festu. Hann getur þannig boðið upp á gagnleysi sitt sem verðmætan og gagnlegan kost, hversu þversagnarkennt sem það hljómar.

Við erum skóli sem krefst þess að verðmæti og tilvist þeirra hluta sem ekki er hægt að mæla séu metin og að þeim sé ákennt. Við krefjumst þess að opna á það hvernig við sjáum, hugsum og gerum. Að það að sjá, hugsa og gera séu ekki aðskildar athafnir. Þess að allar kringumstæður hafi óendanlega möguleika og allir sem eru til staðar geti dregið þá eiginleika fram. Við krefjumst þess að gefa öllum tíma, rými, stuðning og mögnum þeirra málróm, svo að sú vera, þau samskipti í bæði efnislegum og óefnislegum aðstæðum, þróist og taki rætur í þeim og þeirra lífi.

LungA-skólinn var hugmynd sem óx úr ýmsum aðstæðum og varð óvænt afleiðing samtals á milli staðar og samfélags. Við trúum því að skóli sé ekki staður eða námstímabil heldur sameiginleg iðkun og eiginleiki sem við sköpum öll og hlúum að þegar við erum saman komin hér í firðinum. Þetta er staðurinn, með sína óútreiknanlegu strauma, þar sem allir lækir og ár mætast áður en þau renna í hafið. Þar erum við.

Skólinn er bara til þegar hann er til. Og þessi orð koma okkur bara ákveðið langt. En það er allt í lagi.



Húsverðirnir
LungA-skólinn





LungA-skólinn er sjálfstæð stofnun rekin af listamönnum. Hann er líka ákveðnar aðstæður þar sem við gerum tilraunir með listrænar og náttúrubundnar athafnir sem leiðir til að gera, hugsa og vera, til að rækta, trufla, afbaka og umbreyta hugmyndum okkar um fagurferði, nám, skynjun og góða dómgreind.

Nafnið gefur til kynna að við lítum á þessar aðstæður sem skóla, en ef við ímyndum okkur að við köllum hann ekki bara skóla heldur eitthvað annað, til dæmis listaverk eða kommúnu geta þau hugtök átt vel við, og ekki bara passað heldur lýst öðrum nauðsynlegum þáttum þessara aðstæðna. Það er ekki nóg að tala bara um þetta sem skóla ef við viljum lýsa honum á þann hátt sem gæti miðlað betur upplifuninni af því að vera hér. Þetta þýðir að við höfum verið að þróa nokkrar raddir sem standa í öllum hornum skólans og tala við þá þætti sem þær sjá. Og saman mynda þau betri mynd.

Við erum lítill skóli vegna þess að það gerir okkur kleift að einbeita okkur að öllum þáttakendum sem velja að mæta. Við hvetjum til sérstöðu einstaklingsins og styðjum þátttakendur á leið þeirra í átt að sterkari sjálfsvitund og þrár til skilnings á heiminum sem við lifum í og getu þeirra til að taka þátt í honum. Við gerum þetta í gegnum tungumálið, listiðkun og veru í náttúrunni.

Við kappkostum við að veita þátttakendum tilraunakennda fræðsluupplifun sem gefur grunn fyrir frekari listsköpun og nám, atvinnulífið og lífið almennt.

Þar sem LungA-skólinn er alþjóðlegur eru allir hlutar námsins á ensku.

námið

Skólinn er orðinn til og er enn að verða til. Í þessu tilveruferli er hann ekki aðeins að breyta sjálfum sér og umbreytast, heldur er hann líka að gjörbreyta sínum eigin grunni og öllum sem taka þátt. Seyðisfjörður er aldrei eins. Þátttakendur eru ekki þeir sömu og við erum svo sannarlega ekki söm. Skólinn hefur aldrei verið annað en þessar stöðugu umbreytingar – þessi merkilega, lifandi starfsemi sem kemst undan skilgreiningum til þess að halda lífi.

Hver önn hér er tónsmíð, sett upp í aðstæður, nótur um streng. Hver nóta er á sínum rétta stað, sem gæti verið hvaða staður sem er, en gæti aftur á móti ekki verið hvar sem er. Hún er þar sem hún er. Þessar aðstæður eiga sér upphaf en þróast að mestu á ófyrirsjáanlegan hátt, fylla upp í tómið milli nótnanna og skapa heild í flutningi tónverksins. Og hver útgáfa er frábrugðin annarri, þó það sé augljóst að verkið er tiltekin tónsmíð en ekki einhver önnur.

Við erum meðvituð á meðan við gefum okkur á vald ókunnugrar rökvisi.





LIST eða LAND



Skólinn eru gjörðir. Að vinna list og vinna land. Hann er minna staður þar sem þú lærir að búa til list eða vinna með landið heldur er hann frekar listaverk eða land þar sem þú getur lært hvernig er að vera skóli. Hver önn er LIST braut eða LAND braut og stundum renna þær til og blandast saman. En þær eru líka ólíkar og bregðast við mismunandi sjónarhornum eða fjarlægð frá hlutunum sem þær renna í gegnum. En iðkunin okkar er meira. Hún sleppur, eins og hljóð, og vindur sér á milli sköpunar og lífs. Þótt að brautirnar séu LIST og LAND snúast þær ekki svo mikið um eitthvað; þær eru eitthvað.







gestalistamenn og kennarar

Við höfum enga nemendur og enga kennara. Við höfum og erum þátttakendur.

Nokkrum sinnum á önn bjóðum við starfandi listafólki og sérfræðingum að koma og vera hluti af skólanum í viku eða svo. Boðið snýst ekki um að koma til að kenna heldur um að koma með iðkun sína með sér og bjóða öðrum þátttakendum að taka þátt í því sem þau gera - í iðkun sinni, í efasemdum sínum og (ó) vissu, í tilgátum og tilraunum sem þau eru að vinna að á tilteknu augnabliki. Boðið fer líka í hina áttina og býr til tækifæri fyrir hreyfinguna til að smitast á milli þátttakenda og leyfa henni að truflast.



bærinn

Skólinn er staðsettur á Seyðisfirði, litlu þorpi milli fjalla, á Austurlandi.

Seyðisfjörður hefur í mörg ár verið miðstöð listafólks og annara skapandi aðila og þar gerast menningarviðburðir og önnur framtök allt árið um kring. Við vinnum með öðrum rýmum, framtökum og fólki sem býr í firðinum á þann hátt sem gerir skólann einstakan. Þar á meðal er Félagsmiðstöðin Herðubreið, List í Ljósi, Flat Earth Film Festival, HEIMA art collective, Myndlistarmiðstöðin Skaftfell, Skálanes náttúru- og menningarsetur og Herðubíó, eina bíóið á Austurlandi.

Aðstaða LungA-skólans er víðsvegar um bæinn. Þátttakendur munu bjóða upp á opna viðburði og sýningar á meðan námi stendur og taka þátt í samfélaginu á fjölbreyttan hátt.

“Nærvera þeirra eykur menningarlegan fjölbreytileika samfélags okkar og eflir andrúmsloftið, samheldni og skilning meðal íbúa og gesta. Við höfum einnig séð marga nemendur mynda tengsl við bæinn, koma endurtekið og halda á lofti jákvæðri ímynd staðarins jafnt sem áfangastaðar og sem möguleika til framtíðar búsetu.”

**Benedikta Guðrún Svavarsdóttir,
framkvæmdastýra Haföldunnar**



skóladagurinn



Dagurinn hefst með samkomu, við opnum á vinnuna, og sameiginlegt tungumál þróast. Samskipti við efnið og hvert annað heldur áfram.

Við höfum gert ýmislegt í fortíðinni, en kannski er þetta ekki rétti staðurinn til að tala um þá. Þetta er staðurinn til að tala um að byggja þinn eigin skóla.



- (1)
- (2)
- (3)
- (4)
- (5)
- (6)

δ

δ


∞

$SSS \times \rightarrow -\infty$

THIS

AND AN AREA





NIGHTCOLD RUSHES ONTO THE FOREHEAD

• • • S_2

γ

γ

MAX

Time

OF EMOTION UP UNDER THE TONGUE

ϵ

Samvist

Þátttakendur búa saman og ábyrgð á húsinu er sameiginleg. Ábyrgðin er kjarni þessa lífs sem við deilum.

Skólinn er á sameiginlegri ábyrgð okkar allra. Þátttakendur skiptast á að útbúa morgunmat fyrir hvert annað og gestalistamenn og aðrir gestir taka þátt í að slá taktinn. Á virkum dögum er hádegis- og kvöldverður í mötuneyti svo þátttakendur geti einbeitt sér að skólanum.

Taktar sem tengjast eldamennsku, þrifum, félagslífinu, ágreiningum og svo framvegis þróast á leiðinni. Ferlið er meira og minna sársaukafullt, þreytandi og hvetjandi ferli og reynsla.

Þetta er einfalt. Ferlið sem er í gangi hefur meira og minna áhrif á og breytir öllum þeim sem að því koma.


Enginn situr önn á meðan aðrir leggja hana til. Við erum öll útsett fyrir öllu, saman, og það breytir okkur.





umsóknir





Hver önn í LungA skólanum er einstök. LungA er með fjölda þátttakenda sem koma alls staðar að úr heiminum. Fjöldinn er vandlega takmarkaður þar sem hver önn verður náíð samfélag þátttakenda. Þegar þú sækir um að taka þátt skiptir menntun þín og reynsla engu máli, aðeins að þú hafir áhuga á listiðkun ef þú sækir um hjá LIST eða landtengda iðkun ef þú sækir um LAND námið og að þú viljir kanna þessi svið dýpra, innra með þér og með öðrum. Brautastjórar lesa, íhuga og ræða umsóknirnar og þá hópsamsetningu sem þau sjá sem fjölbreytta, eflandi og áhugaverða.

Ef þú hefur áhuga á að sækja um er heimasíðan okkar besti staðurinn fyrir upplýsingar: lungaschool.is fyrir frekari upplýsingar.

Þátttakendur greiða gjald fyrir tólf vikna önn, gjald hvernar annar er á heimasíðunni. Innifalið í þátttökugjaldi er líka húsnæði, vinnurými og þrjár máltíðir á dag (tvær um helgar). Þátttakendur taka þátt í einni önn.



velkomin í heimsókn

Ef þú hefur áhuga á heimsókn, á netinu eða í persónu, eða hefur spurningar, endilega hafðu samband við okkur í síma (+354) 547 5477 eða á netfangið school@lunga.is

Á lungaschool.is getur þú fundið upplýsingar um einstaka brautarstjóra og húsverði.



Stór hluti textans í þessu skjali hefur verið dreginn úr skrifum sem hafa orðið í LungA-skólanum í gegnum árin. Þetta er klippimynd af orðum sem eru skrifuð fyrir og um skólann.

Myndir: Allar myndir eru úr, samhliða eða í átt að LungA-skólanum.

Forsíða: Shan Turner-Carroll, „Trees and Telepathy“, 2024 / 2023 LIST Haust

Bls 2-3: 2022 '84' Haustönn

Bls 4-5: Natasha Malik, „A Place for my Egg“, 2024 / 2024 LIST Vetur/vor

Bls 6: 2022 '84' Haustönn

Bls 7: 2023 LIST Haustönn á „8 kg of sticky eyelashes“ í Skaffelli listamiðstöð,

ljósmynd: Shan Turner-Carroll

Bls 8-9: 2022 '84' Haustönn

Bls 10: Vinnurými í Gömlu Netagerðinni

Bls 11: Afurðir gerðar af 2023 LAND Beta önn

Bls 13: Shan Turner-Carroll, 'Power Bottom', 2024 / 2023 LIST Haust

Bls 15: Félagsheimilið Herðubreið / Haust LIST 202

Bls 16-17: 2023 LIST Vetur/vor í Skálanesi, ljósmynd eftir Sanna Kartau

Bls 18-19: Eitt af nótnablöðum LungA-skólans, 2023

Bls 20-21: Luke McCreddie eldar í Haföldunni, ljósmynd eftir Motsonian

Bls 22-23: 2023 LIST Vetur/vor í Skálanesi, ljósmynd eftir Sanna Kartau

Bls 24: Kastró, 2024

Bls 26: Vilhjálmur Yngvi Hjálmarsson, „Án titils“ 2023 / 2023 LIST Vetur/vor

LungA-skólinn
Austurvegur 4
710 Seyðisfjörður
Ísland

school@lunga.is
(+354) 547 5477

Instagram: [lungaschool](#)
Facebook: [LungA.School](#)

Samfélagsútvarp Seyðisfjarðar: seydisfjordurcommunityradio.net